

**420. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að
Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 8. september 2010 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Guðni Ólafsson (GÓ), Aðalsteinn Magnússon (AM), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir , ritari

Oddviti óskaði eftir afbrigði á dagskrá og inn komi upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra undir dagskrárlið nr. 23, aðrir liðir færast neðar sem því nemur. Afbrigði samþykkt samhljóða. Gengið til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1. 1007012F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 53**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 2. 1007015F - Samráðsnefnd Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur - 20**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 3. 1008001F - Húsnæðisnefnd - 10**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 4. 1008005F - Félagsmálaráð - 41**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 5. 1008007F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 54**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 6. 1008014F - Samráðsnefnd Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur - 21**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 7. 009001F - Húsnæðisnefnd - 11**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 8. 1008045 - Fundargerð stjórnarfundar FV þann 23.ágúst 2010**
Lagt fram til kynningar.
- 9. 1009025 - Skólastjóri Tálknafjarðarskóla skipulag skólastarfsins
veturinn 2010 2011**
Skólastjóri lagði fram tillögur um kennslustundafjölda í grunnskóla, sem verða 133 st., (listgreinakennarar grunnskóladeildar sinna kennslu í leikskóla, sem nemur 7 kennslustundum).Einnig lagði skólastjóri fram áætlun um fjölda stöðugilda í leikskóla, og verður þeirri áætlun vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.Samþykkt samhljóða.
Skólastjóra var þakkað fyrir hans upplýsingagjöf.
- 10. 1009024 - Samningur um leigu á landi og um einkarétt til borana eftir
heitu vatni.**
Birna vikur af fundi og inn kemur Aðalsteinn Magnússon. Oddvita er heimilað að undirrita samning þann sem fyrir liggur, þegar mæliblað fyrir hið leigða landsvæði liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.
- 11. 1009029 - Umhverfisstofnun. Skil á skýrslum um refa- og minkaveiðar
2009/2010. 31.08.2010**
Aðalsteinn vikur af fundi og Birna kemur inn. Oddvita falið að gera skil tímanlega. Samþykkt samhljóða.

- 12. 1006013 - Samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps**
Fyrir fundinum liggur staðfesting samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis vegna samþykktar um breytingu á fundarsköpum Tálknafjarðarhrepps nr. 48/2007. Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.
- 13. 1009023 - Lóðarleigusamningar vegna sumarhúsalóða**
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 14. 1008048 - Hafnasamband Íslands. Fundarboð til sambandsþings. 16.08.2010**
Samkv. hafnarreglugerð Tálknafjarðarhrepps skipar hreppsnefnd formann hafnarstjórnar. Ákveðið var að skipa Tryggva Ársælsson sem formann. Samþykkt samhljóða.
Lagt er til að formaður hafnarstjórar sitji fyrir hönd sveitarfélagsins fundi Hafnarsambands og hafnarfundu. Hafnarstjóri sitji Hafnarsambandsþing, en hafnarvörður hafnarfundu. Samþykkt samhljóða.
- 15. 1008038 - Tálknafjarðarhreppur. Umsókn um kattahald. 22.08.2010**
Samþykkt samhljóða.
- 16. 1008037 - Tálknafjarðarhreppur. Umsókn um kattahald. 23.08.2010**
Samþykkt samhljóða.
- 17. 1008026 - Samgöngu og Sveitarstjórnaráðuneytið. Ársfjórðungsleg skil úr bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. 11.08.2010**
Lagt fram til kynningar.
- 18. 1008020 - Sumarbyggð hf. Tilkynning um aðalfund. 20.08.2010.**
Birna Benediktsdóttir mætti fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps, og stiklaði á stóru um efni fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 19. 1008019 - Menningarráð Vestfjarða. Boðun á aðalfund. 03.08.2010**
Fulltrúi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar er Leifur Ragnar Jónsson og til vara Matthías Ágústsson. Samþykkt samhljóða.
- 20. 1008007 - Tilboð í skólamáltíðir opnun 4.ágúst 2010**
Undirritaður samningur lagður fram. Samþykkt samhljóða.
- 21. 1007060 - Ráðning framkvæmdarstjóra Tálknafjarðarhrepps 2010-2014**
Samningur lagður fram og samþykktur samhljóða.
- 22. 1008003 - Vesturbyggð. 27.07.2010. Afrit af bréfi sent Alþingi v/stunðnings við uppbyggingu Vestfjarðarvegur nr. 60**

Lagt fram til kynningar.
- 23. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**
Oddviti kynnti afskriftir óinnheimtanlegra þing- og sveitarsjóðsgjalda, skv. bréfum sýslumannsins á Patreksfirði, dags. 24.6. og 25.8. 2010.
Oddviti hefur verið tilnefnd af Sambandi ísl. sveitarfélaga í nefnd sem á að gera úttekt á þeim lögum og reglum sem gilda um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni, sjá fundargerð 776. fundar stjórnar sambandsins.

- 24. 1009022 - Velferðavaktin bréf dags 1.sep 2010, velferð barna í upphafi skólaárs.**
Lagt fram til kynningar.
- 25. 1009027 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Stefnumótun í skólamálum. 01.09.2010**
Lagt fram til kynningar.
- 26. 1008002 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, vatnsveita Tálknafjarðar, neysluvatnssýni.**
Lagt fram til kynningar.
- 27. 1008001 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, sundlaugin á Tálknafirði, baðvatnssýni.**
Lagt fram til kynningar.
- 28. 1007063 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Námskeið um lýðræði í sveitarfélögum. 13.07.2010**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:20

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____